



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

ÁRSSKÝRSLA 2022



EFNISYFIRLIT

Ávarp skólameistara	2
Fjárhagsleg afkoma	3
Starfsfólk	3
Viðtöl við starfsfólk	4
Starfsþróun	6
Símenntun og endurmenntun	6
Starfendarannsóknir og Menntafléttan	6
Nám og kennsla	7
Nemendur	7
Námsbrautir – heildarfjöldi, kyn, bekkur	8
Mæting	8
Brotthvarf	9
Endurskoðun námskrár	9
Ný aðstaða fyrir listir, tóna og tækni	9
Kórinn	10
Samstarfs- og samskiptaverkefni	11
Verkefni	12
Verkefnastjórar	12
Umhverfismál	12
Verkefnisstjóri Grænna skrefa	12
Verkefnisstjóri umhverfismála	13
Jafnréttismál	13
Bókasafnið	14
Heilsuefandi framhaldsskóli og forvarnir	15
Upplýsingatækni	16
Gæðamál	16
Innra og ytra mat	17
Kynningarmál	17
Árið 2022 í hnotskurn	19

ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Skólastarf í vöggum mennta á Suðurlandi hefur tekið á flug á ný eftir erfið ár í skugga Covid-19. Nú loksins höfum við lokið heilum vetri án samkomutakmarkana frá því veturinn 2018-2019. Það er því ekki að undra að nemendur og kennarar finni fyrir álagi. Það er heilmikið álag fólgið í því að skipta um stefnu og fara í fjarvinnu og dvelja mikið heima við yfir í að lenda hlaupandi í heilum vetri af hefðbundnu námi og kennslu af fullum krafti. En vel hefur tekist til og starfsfólk og stjórnendur lagt sig fram um að styðja nemendur í að takast á við lífið eftir Covid-19.



Gott er að nýta tækifæri sem þessi til að líta inn á við og reyna að átta sig á því hvað það er sem er mikilvægast í skólastarfinu; fyrir hvað viljum við standa og hver eru okkar gildi? Við megum aldrei missa sjónar á því mikilvæga markmiði að koma ungu fólki til manns og að styðja við það á vegferð sinni til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Við horfum heildstætt á nám nemandans og gerum okkur grein fyrir því að einhverjar lexíur hafa týnst í því fávíðri sem geisaði í kringum Covid-19. Félagslega finnum við fyrir breytingum hjá nemendahópnum sem brýnt er að fullorðna fólkið sé meðvitað um og styðji unga fólkið. Með virðingu og umburðarlyndi verða kennarar og starfsfólk skóla að takast á við að nemendur þurfi leiðbeiningar við hluti sem áður þóttu sjálfsagðir. Því ekki einungis voru grunnskólaárin skert sökum farsóttarinnar heldur eru fyrirmyndirnar, eldri nemendurnir, bæði að kljást við að hafa ekki upplifað allt það sama og eldri kynslóðir heldur hefur elsta árið í bekkjakerfi einnig verið fjarlæggt. Allt hefur þetta áhrif og reynir enn frekar á menntakerfið við að móta og leiðbeina nemendum félagslega, námslega, vinnulega og ekki síst þegar kemur að sjálfsvirði og virðingu fyrir öðrum.

Þennan veturinn hefur kerfisstarf innan Menntaskólans að Laugarvatni verið litað EKKO málum (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi). EKKO-kerfi er í smíðum innan skólans og er það verkefni viðamikilið, yfirgripsmikið og nauðsynlegt að nálgast málstað af þessari stærðargráðu af mikilli auðmýkt. Því svörin og lausnirnar eru fljótandi og óáþreifanlegar en jafnframt nauðsynlegar og brýnt að málin séu unnin. Einhverjir veltu því fyrir sér í umfjöllun fjölmiðla hvort ætlast væri til þess að framhaldsskólar settu sig í dómarasæti í málum sem réttarkerfið sjálft getur ekki afgreitt innan þess tímaramma sem gefinn er. Svarið er nei og í raun er þar um skakka nálgun að ræða. Hlutverk skólanna er miklu fremur að aðstoða nemendur við að komast í þau úrræði og nálgast þá aðstoð sem er í boði og er viðeigandi. Þar hefst síðan hlutverk skólanna því nemendur þeirra þurfa aðhlyningu inni í þeim aðstæðum sem þau takast á við í skólunum. Hlutverk skólans er því að hlusta, grípa nemendur, grípa til skaðaminnkandi úrræða við úrvinnslu mála og að styðja áfram við þá nemendur sem lenda í erfiðum ofbeldismálum. Hér er um nýja nálgun að ræða á málefni sem framhaldsskólar hafa tekið misvel á í gegnum tíðina og vonandi að nýjar áherslur verði nemendum til gagns.

Jóna Katrín Hilmarisdóttir
Laugarvatni, mars 2023

FJÁRHAGSLEG AFKOMA

Covid-19 og langvarandi veikindi starfsfólks hafa sett strik í reikninginn undanfarin misseri og því hefur myndast halli á rekstri skólans, á síðasta ári .

Til að mæta hallanum hefur verið gripið til aðhalds- og sparnaðaraðgerða og ber þar helst að nefna niðurskurð á yfirvinnu kennara og almennt aðhald í öllum rekstri. Eins er hér um að ræða endurspeglun á aðhaldskröfu fjármálaráðherra árið 2023.

Niðurskurður hófst af fullum þunga vorönn 2023 þegar ljóst var hver staðan var í lok ársins 2022 og standa vonir til þess að hægt verði að snúa við þróuninni á 2-3 árum.

Nánari upplýsingar um fjárhagslega stöðu skólans er hægt að nálgast í Ársreikningi Menntaskólans að Laugarvatni sem gefinn er út á heimasíðu skólans á öðrum ársfjórðungi ár hvert.

STARFSFÓLK

Á skrifstofu skólans starfa, auk skólameistara, áfangastjóri í 75% starfi, skólafulltrúi/ritari í 100% starfi og náms- og starfsráðgjafi í 50% starfi. Þá sinnir verkefnastjóri UT-mála í 50% starfi stoðþjónustu við starfsmenn og nemendur. Gæðastjóri í 50% starfshlutfalli hefur umsjón með innleiðingu gæðakerfis, hönnun EKKO-kerfis og fleiri kerfislægra þátta.

Á bókasafni er forstöðumaður í 60% starfi.

Fjármálastjóri skólans er í 40% starfi og sem gjaldkeri Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni í 60% starfshlutfalli.

Í mötuneyti starfa, auk bryta í 100% starfi, fjórir aðstoðarmatráðar í 100% starfi hver (á níu mánaða ráðningu). Í þvottahúsi er einn starfsmaður í 100% starfi á ársráðningu.

Umsjónarmaður fasteigna er í 100% starfi en hann gegnir einnig starfi húsbónda á heimavistum. Á heimavist starfa, auk húsbónda, húsfreyja í 50% starfi og tveir vistarverðir í 50% starfi hvor. Fimm starfsmenn vinna við ræstingu skólahúsnæðis og heimavista í tímamældri ákvæðisvinnu á starfstíma skóla, níu mánaða ráðningu.

Elfar Þór Bragason sálfræðingur starfar við skólann sem verktaki. Hann kemur í skólann tvo til fjóra daga í mánuði og hefur aðstöðu til að taka á móti nemendum sem þurfa á sálfræðiþjónustu að halda. Skólinn rekur þjónustu sálfræðings á eigin kostnað.

Töluverður kynjahalli er í starfsliði Menntaskólans að Laugarvatni. Árið 2022 voru samtals 34 starfsmenn við stofnunina og skiptust kynin þannig að 32% voru kk en 68% kvk. Ekki voru nein sem skilgreindu sig sem annað kyn. Þegar horft er til kynjaskiptingar í kennarahópnum erum við með svipaðar tölur. Af 18 kennurum (í rúmlega 14 stöðugildum) eru 28% kk en 72% kvk.

VIÐTÖL VIÐ STARFSFÓLK

Mannauðurinn er helsta auðlind ML. Hér fáum við að kynnast betur tveimur úr starfsliðinu, Jorge Montalvo, kennara og Erlu Þorsteinsdóttir, húsfreyju.



Nafn: Jorge Montalvo

Starf: Afleysingakennari í náttúrufræðigreinum

Hvað gerir þú í vinnunni: Bý til krefjandi áskoranir fyrir nemendur mína. Reyni að hafa kennsluna krefjandi svo þau læri námsefnið betur.

Hvaðan ertu? Ég fæddist í Bogota, höfuðborg Kólumbíu. Ég hef búið á Íslandi síðan 2004 (aðeins lengur en flestir nemendur hér í skólanum hafa verið lifandi – þælið því! Ég er gamall).

Menntun: Ég er skrýttinn jarðfræðingur með sérþekkingu í náttúruvá. Ég hef sérstakan áhuga á fólki og hvernig ég get hjálpað þeim að skilja náttúruhamfarir betur svo að fólki geta undirbúið sig betur við vá. Ég kláraði B.Sc. námi í jarðfræði árið 2008, fór svo í kennslufræði. Kláraði M.Paed nám árið 2010 og hélt svo áfram í M.Sc. í jarðfræði sem ég kláraði 2014. Reyndi að stunda doktornámi í Social Volcanology í Suður-Ameríku en það var algjör martröð, svo ég kláraði ekki það nám.

Fyrri störf: Úfff... hvar á að byrja. Ég starfaði nokkrum sinnum sem öryggisvörður á tónleikum þegar ég var í kringum 18 ára í Kólumbíu og svo rétt áður en ég byrjaði doktorsnámi. Ég starfaði í fyrirtæki guðföður míns sem aðstoðarjarðfræðingur og tengiliður við pólskt olíufyrirtæki sem vildi koma að vinna í Kólumbíu. En áður en ég kom til Íslands starfaði ég í búð sem var staðsett í Yellowstone National Park í Bandaríkjum, þar sem ég meðal annars lærði að prenta ljósmyndir.

Á meðan ég var í Háskóla á Íslandi, vann ég með einhverfum börnum á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, fékk líka að vinna sem kokkur á veitingastað, en einnig fékk ég að vinna eitt sumar hjá Ísor og næstum eitt ár hjá Veðurstofu Íslands. Ég kenndi líka áður við Menntaskólann í Kópavogi og Menntaskólann við Sund.

Af hverju vinnurðu við ML? Ég frétti af þessu starfi í gegnum Heiðu sem er kennari við skólann. Hún hvatti mig til að sækja um og mælti með mér við Jónu Kötu. Ég fór í starfsviðtal hjá Jónu Kötu og búmm... ég var valinn 😊

Áhugamál: Hvar ætti ég að byrja hér líka? Ég elska tónlist þó að ég kunnir hvorki að spila eða syngja. Mér finnst saga mjög áhugaverð og er oft að lesa um mismunandi atvik eða horfa á heimildamyndir. Íþróttir auðvitað... þegar ég var krakki var ég í körfubolta, fótbolta og blaki þangað til ég ákvað að einbeita mér að körfubolta. En ég var besti markvörðurinn í mínum skóla. Þegar ég byrjaði í háskóla prófaði ég ruðning þangað til ég var næstum hálsbrotinn í æfingu. Mér finnst mjög gaman að ferðast og kynnast annarri menningu. Mér finnst tungumál líka mjög áhugaverð.

Leyndur hæfileiki: Ég tala fimm tungumál og er að reyna að bæta við tveimur í viðbót. Ég er oft smá trúður og fæ fólk til að líða vel og hlæja, en hef ekki þorað að fara í uppstand.



Nafn: Erla Þorsteinsdóttir

Starf: Húsfreyja á heimavistum og ræstingar.

Hvað gerir þú í vinnunni?: Ég fer yfir mætingu nemenda í fyrsta tíma, skrái niður nöfn þeirra sem ekki mættu og fer svo og lít til þeirra. Bæði til að kanna hvort þau séu að sofa yfir sig, en ekki síður til að athuga hvort ekki sé allt í lagi, hvort um veikindi sé að ræða. Ef svo er, þá senni ég því eins og kostur er. Eftir að hafa athugað með nemendum framkvæmi ég herbergjaskoðun á heimavistum. Öll herbergi eru skoðuð vikulega, skoða eina húsálmú á dag en þær eru fimm. Gef þá einkunn á blað sem er fest á vegg við hlið hurðar en þá geta t.d.

foreldrar séð hvernig umgengni hefur verið, en auk þess förum við aðeins eftir þessu blaði við niðurröðun á herbergi. En því senni ég líka nú orðið að mestu, tekin við því af húsbónda heimavista. Það er svo seinni partinn sem ég senni daglegum þrifum á holum, göngum og almennum salernum í raungreinaálmú skólans. Svo má segja að ég sé ávallt á bakvakt því það eiga til að koma upp meiðsli eða veikindi utan hins hefðbundna vinnutíma og þó húsbóndi senni því yfirleitt þá geta komið upp tilvik sem þörf er á kvenlegri nálgun ef svo má segja.

Hvaðan ertu?: Ég er fædd og uppalin á bænum Reykhól á Skeiðum.

Menntun: Verslunarpróf frá Fjölbautarskólanum við Ármúla, snyrtifræðin nánast kláruð.

Fyrri störf: Alls konar almenn störf í landbúnaði, sláturhúsið í Laugarási, bensín afgreiðsla, starfsmaður í sjoppu, barþjónn, ein vertíð á síld í Þorlákshöfn, barnagæsla við Stúdíó Jónínu og Ágústú, vinna á pítsastað, póstburður á Laugarvatni, blaðberi á Laugarvatni, gæsla á heimavist Héraðsskólans o. fl. tengt honum.

Af hverju vinnurðu við ML?: Vegna þess að á sínum tíma þá bjuggum við Pálmi í Reykjavík og vorum eiginlega komin með alveg nóg af því. Þá sjáum við auglýsta stöðu húsbónda við ML og Pálmi sótti um og fékk. Ég fékk á sama tíma vinnu við ræstingar, bæði í ML en einnig í Héraðsskólanum. Síðan þá hef ég sinnt mörgum störfum hér við þessar stofnanir, bæði unnið í þvottahúsinu sem og unnið flest öll þrifasvæði hér. Ég tók svo við starfi húsfreyju af Gróu Berglindi tengdamóður minni og hef unnið það starf síðan – ásamt ræstingum. Okkur hefur alltaf liðið vel hér hjá ML og starfið er bæði krefjandi en um leið gefandi. Að mörgu leyti fjölskylduvænt og börnin okkar öll þekkja ekki annað en að við vinnum hér.

Áhugamál: Allur söngur almennt séð, einkum kórsöngur. Hestamennska hér á árum áður en svo hef ég mjög gaman af að ferðast þó ég hafi því miður ekki gert nærri nóg af því. Það mun vonandi breytast í sumar því við ætlum að vera eins mikið á flakki og við mögulega getum.

Leyndur hæfileiki: Þótti nokkuð góð í fótisnyrtingum, en ég vann þó nokkuð við það á sínum tíma. Skrautskrift hef ég gaman af og hef gert þó nokkuð af afmælis eða öðrum tækifæriskortum. Svo get ég flautað fjandi hátt sem kemur sér oft vel.

STARFSÞRÓUN

Í stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára kemur fram það markmið að auka starfsþróun kennara og annars starfsfólks, efla mannleg samskipti og samvinnu. Í því augnamiði skal m.a. halda skrá um námskeið sem kennarar sækja, umbuna fyrir sí- og endurmenntun með hvata í stofnanasamningi og auka fræðslu á vegum skólans með því að halda 1-2 námskeið/erindi á önn. Á árinu 2022 voru tveir fræðsluviðburðir fyrir allt starfsfólk:

- ❖ Fræðsla um hinseginmál fyrir starfsfólk ML – Sólveig Lilja formaður hinseginfélagsins Yggdrasils – 24. mars 2022
- ❖ Ofbeldisvarnarskólinn fyrir stjórn nemendafélagsins, vistarverði og kennara – Benedikta Sörensen – 9. nóvember 2022

SÍMENNTUN OG ENDURMENNTUN

Bæði á vorönn og haustönn gafst kennurum kostur á að sækja um svokallað aukafjármagnsþrep, sem er útfærsla vegna bóknar 2 í síðustu kjarasamningum KÍ við ríkið. Kennarar gátu sótt um vegna símenntunar, endurnýjunar áfanga eða nýs áfanga, rannsóknarverkefnis eða sérstakrar nýsköpunar og leiðsögn með nýjum kennara/náms- og starfsráðgjafa. Hér er yfirlit yfir það hvernig þrepunum var úthlutað, hálf t. ári í senn, samtals sjö þrep á ársgrundvelli.

Aukafjármagnsþrep vor 2022		
Karen Dögg	Símenntun: Námskeið á vegum Hugarfrelsis	1 þrep
Sigurður Pétursson	Símenntun: Námskeið um Flateyjarbók	1 þrep
Vera Sólveig	Endurnýjun áfanga: Réttarvísindi	1 þrep
María Carmen	Endurnýjun áfanga: Valáfangar í íþróttum	1 þrep
María Carmen	Rannsóknarverkefni eða nýsköpun: Forvarnardagur	1 þrep
Freyja Rós	Rannsóknarverkefni eða nýsköpun: Leiðsagnarnám	1 þrep
Jón Snæbjörnsson	Rannsóknarverkefni eða nýsköpun: Hugsandi kennslurými	1 þrep
Aukafjármagnsþrep haust 2022		
Karen Dögg	Símenntun: Menntafléttunámskeiðið Greindu betur	1 þrep
Heiða Gehringer	Nýr áfangi: Framhald í myndlist	1 þrep
Heiða Gehringer	Leiðsögn með nýjum kennara	1 þrep
Elín Una	Símenntun: Fjarnámskeiðið Skrifaáskorun	1 þrep
Freyja Rós	Rannsóknarverkefni eða nýsköpun: Þróun EKKO-kerfis	1 þrep
Freyja Rós	Símenntun: Menntafléttunámskeiðið Kynbundið ofbeldi [og Greindu betur]	1 þrep
María Carmen	Nýr áfangi: Skyndihjálpi	1 þrep

STARFENDARANNSÓKNIR OG MENNTAFLÉTTAN

Sjö starfendarannsóknarfundir voru haldnar á árinu þar sem kennarar voru með undirbúna kynningar og umræður. Starfendarannsóknarfundir eru í skóladagatalinu, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri sér um skipulag, mæting og þátttaka er afar góð. Um haustið voru margir skráðir á námskeið í Menntafléttunni og því var ákveðið að gefa þeim, ásamt öðrum námskeiðum og fyrirlestrum sem kennarar sækja, rými á starfendarannsóknarfundum í vetur. Þau Menntafléttunámskeið sem kennarar í ML sóttu skólaárið 2022-2023 voru eftirfarandi:

- Forysta um nám og styðjandi menningu – Áslaug
- Kynbundið ofbeldi: Forvarnir og fræðsla – Freyja Rós, Gríma og Jóna Katrín
- Greindu betur: Samþætting stærðfræði, tölfraði og samfélagsgreina – Jón, Karen Dögg og Freyja Rós.

Hér fylgir yfirlit yfir skipulag starfendarannsóknarfunda árið 2022:

Hver kynir	Viðfangsefni	Dagsetning
Vera Sólveig Ólafsdóttir	Hópavinna í efnafræði	25. janúar
Sigurður Pétursson	Heimildaskráning, náms- og glósutækni	25. janúar
Jón Forni Snæbjörnsson	Hugsandi kennslrými (e. Thinking Classroom)	8. febrúar
Freyja Rós Haraldsdóttir	Matskvarði og sjálfsmat	8. febrúar
María Carmen Magnúsdóttir	Forvarnardagurinn	8. febrúar
Helgi Helgason	Vikuskammtur í dönsku	8.mars
Margrét Elín Ólafsdóttir	Tónlist í þýskukennslu	8.mars
Leó Ingi Sigurðarson	Rafbækur	8.mars
Gríma Guðmundsdóttir	Frönskukennsla án kennslubókar	5. apríl
Elín Una Jónsdóttir	Læsi og endurgjöf í hljóðskilaboðum	5. apríl
	Skipulag vetrarins, umræða	30. ágúst
Leó Ingi Sigurðarson	Áhugaverð kennsluáferð	30. ágúst
Elín Jóna Traustadóttir	Vinna við Menntaskýið	30. ágúst
Áslaug Harðardóttir	Menntafléttunámskeið, námssamfélög	27. september
Vera Sólveig Ólafsdóttir og Jón Forni Snæbjörnsson	Geogebra ráðstefna í Finnlandi	25. október
	Fréttir af Menntafléttunámskeiðum	25. október

NÁM OG KENNSLA

NEMENDUR


149 nemendur hófu nám á vorönn 2022, 43 drengir og 106 stúlkur. Vorið 2022 útskrifuðust 45 nemendur, 23 af félags- og hugvísindabraut og 22 af náttúruvísindabraut.

Heldur slakari aðsókn var í skólann haustið 2022 en árin á undan. Eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan var heildarfjöldi nýnema 41. Auk þess komu tveir eldri nemar nýir inn í 2. bekk. Eins og undanfarin ár hallar á karlpeninginn, en þeir voru um 27% nýnema á meðan stúlkur voru um 73%. Þetta er svipað hlutfall og haustið 2021.

Nýnemar í ML haust 2022 - kyn og bekkur

Bekkur	KK	KVK	Samtals
1F	7	20	27
1N	4	10	14
Samtals:	11	30	41

Á stöplartí hár fyrir neðan sést fjöldi nemenda sem innritaðist í 1. bekk á árunum 2007-2022. Meðalfjöldi á þessum árum er 49 nemendur.



Í heildina voru 137 nemendur í skólanum við upphaf haustannar 2022. Drengir voru 43 og stúlkur 94. Á myndinni hér fyrir neðan má annars vegar sjá hvernig kynjaskipting nemendahópsins hefur þróast síðustu ár og hins vegar hvernig heildarnemendafjöldinn hefur haldist á svipuðu róli. Á haustönn 2022 voru heldur færri nemendur í skólanum heldur en árið áður. Aðsóknin var góð á félags- og hugvísindabraut en minni á náttúruvísindabraut.

NÁMSBRAUTIR – HEILDARFJÖLDI, KYN, BEKKUR

Í ML eru tvær námsbrautir; félags- og hugvísindabraut (F-bekkur) og náttúruvísindabraut (N-bekkur). Eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan eru flestir bekkir þéttsetnir, ef frá er talinn 1N. Færri komust að en vildu í 1F en laus pláss voru í 1N. Haustið 2022 voru samtals 80 nemendur á félags- og hugvísindabraut og 57 voru á náttúruvísindabraut.

Nemendur í ML haust 2022 - kyn og bekkur

Bekkur	KK	KVK	Samtals
1F	7	20	27
1N	4	10	14
2F	8	21	29
2N	9	12	21
3F	11	13	24
3N	4	18	22
Samtals:	43	94	137

MÆTING

Á vorönn 2022 var meðalmæting 94% og meðalraunmæting 87% (93% árið 2021). Á haustönn 2022 var meðalmæting 95% og meðalraunmæting 89% (91% í fyrra). Í stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára setti skólinn sér það markmið að í lok haustannar 2022 yrði meðalraunmæting 96%. Það er því ljóst að þetta markmið náðist ekki.

Nýtt eyktaskipulag var tekið upp haustið 2022. Vinnustundirnar voru felldar niður þannig að hver kennari fengi þá lengri tíma með sínum nemendum. Lengd kennslustunda breyttist og kennsla hófst kl. 8:30, korteri seinna en áður. Erfitt er að segja til um það hvort beint samband sé á milli niðurstöðu mætinga og nýs eyktarskipulags. Einnig má velta fyrir sér hvort hér gæti áhrifa frá Covid-19 faraldrinum.

BROTTHVARF


Það telst vera brotthvarf þegar nemandi hættir námi á miðri önn. Líkt og undanfarin ár hefur brotthvarf í ML verið lítið. Á vorönn 2021 hætti einn nemandi og sömuleiðis einn á haustönn. Í stefnumiðaðri áætlun skólans til þriggja ára er markmiðið fyrir 2022 að ekki fleiri en tveir nemendur hætti í skólanum á miðri önn. ML er því á góðri siglingu hvað brotthvarf varðar.

ENDURSKOÐUN NÁMSKRÁR

Síðustu tvö ár var unnið að endurbótum á brautarskipulagi beggja brauta við ML. Ekki voru gerðar stórvægilegar breytingar. Haustið 2022 var byrjað að kenna eftir nýja skipulaginu. Það er því fyrirséð að á næstu önnum mun vera aukin kennsla í ákveðnum greinum og minni í öðrum. Á vorönn 2024 munu síðustu nemendurnir í gamla skipulaginu útskrifast.

NÝ AÐSTAÐA FYRIR LISTIR, TÓNA OG TÆKNI

Nemendur og kennarar hafa kallað eftir aðstöðu til að sinna listgreinum, hljóðvinnslu og tæknitengdum greinum og til stendur að breyta íbúð í austurenda skólans í slíkt rými. Hönnunarvinnu og útboði á vinnu við Brytaíbúð í ML lauk á haustmánuðum 2022. Fyrirhugað er að breyta rýminu í verk- og listkennslurými en illa gekk að fá tilboð í verkið. Á haustmánuðum fékkst verktaki sem hyggst sinna verkinu og stefnt er að því að vinna hefjist á vorönn 2023 og vonir standa til þess að hægt verði að hefja kennslu í rýminu haust 2023.



Hálfnað verk þá hafið er en brotvinnu er að mestu lokið og búið að hreinsa út úr rýminum það sem fyrir var af innréttingum og fleiru og þeir veggir sem ekki áttu að halda sér hafa verið fjarlægðir.



KÓRINN

Kórinn er einingabær valgrein. Veturinn 2022-2023 voru 122 af 129 nemendum skólans í kórnum, og er því prósentuhlutfallið hátt eða 94,5%. Stjórnendur skólans styðja vel við þessa menningu enda er það að vera í kórnum stór partur af félagslífi skólans, fara í kórferðalög og syngja á tónleikum. Nemendur sem spila á hljóðfæri fá að njóta sín á tónleikum og á æfingum. Hefðbundið skipulag var á kennslu kórsins sem felur í sér æfingar tvisvar sinnum í viku, kórbúðir, jóla- og vortónleikar og rúsínan í pylsuendanum, Ítalíuferð á vorönn 2023. Uppselt var á alla tónleika kórsins sem er til marks um ágæti hans og góðrar stjórnunar af hendi Eyrúnar Jónsdóttur.



SAMSTARFS- OG SAMSKIPTAVERKEFNI

2022 komust námsferðir aftur í fyrra horf eftir Covid-19. Á heimasíðu skólans er haldið saman yfirliti yfir [samstarfs- og samskiptaverkefni](#). Meðal viðkomustaða voru Gljúfrasteinn, Konustofa, Byggðasafn Árnesinga, Alþingi, Bessastaðir, Össur ehf., Íslensk erfðagreining, Njáluslóðir, Geysir, Lava Center, Friðheimar, Fontana, Efsti-dalur, Sorpa, Háskóli Reykjavíkur, Háskóli Íslands, Kjarvalsstaðir, Kvikmyndasafnið og Bíó Paradís.

Haustið 2022 sóttu nemendur á öðru ári félags- og hugvísindabrautar Þjóðarspegilinn og allir nemendur á fyrsta ári fóru á málþing kynjafræðinema.



Margar ferðir voru farnar á vegum útivistaráfangans, t.d. skíðaferð í Bláfjöll, skautuferð í Egilshöll, flúðasigling niður Hvítá og gönguskíðaferð með Björgunarsveitinni Ingunni.

Shapes of Water er yfirheitið á Erasmus+ verkefni sem fimm skólar taka þátt í og staðið hefur yfir í rúm tvö ár. Nemendur frá Menntaskólanum að Laugarvatni hafa tekið þátt fyrir Íslands hönd og farið á vegum þessa verkefnis til Portúgal, Finnlands og Tékklands. Síðasti liður í þessu verkefni er að fara til Azoreja í byrjun maí 2023. Núna á haustdögum tókum við á móti gestum frá þessum löndum og sýndum þeim form vatns í nærumhverfi okkar. Myndin hér fyrir neðan sýnir gesti og gestgjafa þeirrar heimsóknar.



Ásrún Ester, Heiða og María Carmen voru ánægðar með heimsóknina, eins og fram kom í [frétt á ml.is](#): „Þetta var ævintýrleg ferð þar sem bæði heimamenn og gestir nutu alls hins besta sem Ísland og heimabyggð hafði upp á að bjóða. Við vorum líka mjög ánægðar með hópinn og til okkar komu krakkar og þökkðu okkur fyrir bestu viku lífs þeirra. Þeim fannst Íslendingar svo vinalegir og alls staðar fengum við hlýtt viðmót.“

VERKEFNI

VERKEFNASTJÓRAR

Í skólanum starfa margar nefndir og ráð og verkefnastjórar eru yfir ákveðnum málaflokkum. Hér á eftir koma sýnishorn af því sem kom fram í skýrslum verkefnastjóra sem skilað var í júní 2022 og sagt er frá fleiri fréttæmum viðburðum sem tengjast hverjum málaflokki. Viðfangsefni verkefnastjóra eru afar fjölbreytt og ekki ætlunin að gefa hér tæmandi yfirlit, heldur að veita innsýn í þessa mikilvægu anga á skólasterfinu.

Verkefnastjóri starfar með kórnum en umfjöllun um kórin er framar í skýrslunni, undir námi og kennslu.

UMHVERFISMÁL

VERKEFNISSTJÓRI GRÆNNA SKREFA

Menntaskólinn að Laugarvatni er skuldbundinn til að framfylgja Grænum skrefum í ríkisrekstri og gerum við það með stolti. Mikil undirbúningsvinna var í gangi á vorönn 2022 þar sem farið var yfir verkferla, fundarseta og undirbúningur fyrir 5. skref Grænna skrefa í ríkisrekstri.

Í september 2022 var Hildur Hálfðanardóttir ráðin sem verkefnastjóri Grænna skrefa við ML. Verkefnastjóri Grænna skrefa sér um fræðslu til starfsfólks um verkefnið. Eins sér verkefnastjóri um að vekja athygli starfsfólks og nemenda á mikilvægi umhverfismála og minnir á hvaða verkefni skólinn hyggst leggja áherslu á hverju sinni. Skólameistari er verkefnastjóranum innan handar hvað varðar fræðsluverkefni. Menntaskólinn að Laugarvatni lauk 5. skrefi Grænna skrefa í byrjun nóvember.

Rafhleðslustöðvar fyrir fjóra bíla voru formlega opnaðar 26. október 2022. Verkið hafði verið lengi í undirbúningi og eru stöðvarnar loks komnar í gagnið. Nemendum og starfsfólki gefst tækifæri til að hlaða bílana sína sem og öllum sem hafa aðgang að Ísorku.

Í lok nóvember var skiptimarkaður opnaður í einni kennslustofu skólans í eina viku. Þar gátu starfsmenn, nemendur og aðrir íbúar Laugarvatns skipst á fötum og hlutum. Fléttaðist þessi viðburður vel inn í Evrópska nýtniviku 2022 þar sem áherslan var *hringrás og sjálfbærni textíls*.



Í lok nóvember var söngkeppnin Blítt og létt haldin. Til að sporna við pappírssóun var bæklingur söngkeppinnar settur á rafrænt form. Gestir gátu skannað QR-kóða og fengið dagskrá kvöldsins í símann sinn. Nokkur eintök voru þó prentuð út fyrir þá sem það kjósa.

VERKEFNISSTJÓRI UMHVERFISMÁLA

Kamil Lewandowski er verkefnisstjóri umhverfismála og formaður umhverfisnefndar. 11. maí 2022 gróðursettu nemendur menntaskólans og einnig nemendur Bláskógaskóla 1500 birkiplöntur á Langamel, sem er svæði þar sem Menntaskólinn stundar landgræðslu.

Nemendur umhverfisnefndar heimsóttu Fontana 18. mars 2022. Þar fengu þau fyrirlestur um endurnýjanlega orka sem fyrirtækið nýtir sér. Nemendur fengu að smakka á rúgbrauði sem bakað er í heitum sandi á strönd við Laugarvatn, en þar er mikill jarðhiti.

1. nóvember 2022 fóru nemendur í umhverfisnefndinni ásamt nemendum í umhverfisfræði í námsferð á höfuðborgarsvæðið, farið var til Sorpu í Gufunesi, á Álfsnes sem er urðunarsvæði alls sorps frá höfuðborgarsvæðinu og síðasta stopp var fyrirtæki sem heitir Fura sem sér um að breyta timbri í spæni og sag.

Umhverfisnefndin fundar með mötuneyti um hvernig hægt er að minnka matarsóun, hvort hægt væri að háttá matarinnkaupum þannig að við kaupum inn í nærumhverfi okkar, hvernig best sé að aðskilja lífrænt sorp frá almennum úrgangi og minnka notkun á einnota umbúðum (fara í herferð með því markmiði að nota fjölnota ílát). Umhverfisnefndin vildi hvetja nemendur til að borða meiri fisk og útbjuggu veggspjald með kostum þess að borða fisk, sem hengt var upp í mötuneyti skólans. Umhverfisnefndin útbjó flokkunarveggspjöld sem voru settu fyrir ofan hverja flokkunarstöð bæði á heimavistum og í skólahúsi. Einnig bjuggu nemendur til stuttmynd um hvernig á að flokka rétt.

JAFNRÉTTISMÁL



Árleg [skýrsla um jafnréttisstarf í ML](#) var birt á heimasíðu skólans í júní, rituð af Freyju Rós, jafnréttisfulltrúa. Fylgst er með kynjahlutföllum í stjórn nemendafélagsins og unnið með jafnréttis- og skólaráðsfulltrúum Mímis að ýmsum verkefnum. Sem dæmi má nefna fræðsluátökin Vika 6, Sjúk ást og Dansað gegn ofbeldi.

Hinseginfélagið Yggdrasill hélt áfram að starfa af krafti og fékk nýja stjórn í lok hinseginviku í nóvember. Sólveig Lilja formaður Yggdrasils hélt erindi um hinseginmál á kennarafundi 29. mars.

EKKO-málin (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi) voru í brennidepli á árinu. Jóna Katrín, skólameistari og Freyja, gæðastjóri og jafnréttisfulltrúi héldu erindi á vinnufundi SÍF og mennta- og barnamálaráðuneytis um aðgerðir gegn kynferðisofbeldi í framhaldsskólum 18. október 2022. Þær fjölluðu um heildstætt EKKO-kerfi skólans, sem enn er í vinnslu og kallað var eftir aukinni þekkingu, úrræðum og forystu til að hægt sé að gera betur í málaflokknum. Vefsvæðið [Góð samskipti](#) var sett upp á www.ml.is og þar má nálgast samskiptasáttmála, stefnur, áætlanir, verklagsreglur o.fl.

Karen Dögg og Freyja Rós kenndu í fyrsta skipti báðar kynjafræðiafanga um haustið, önnur með yfirumsjón með 1F en hin með 1N. Það var gróskuríkt samstarf og einn af hápunktum annarinnar var ferð á málþing kynjafræðinema í hátíðarsal Háskóla Íslands. Fyrirlesararnir að þessu sinni voru:

- Gyða Margrét Pétursdóttir, kynning á námsbraut í kynjafræði í HÍ
- Bjarni Snæbjörnsson, bakslag gegn hinsegin fólki
- Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta, Onlyfans og kynferðisofbeldi
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, fjallar um stafrænt ofbeldi
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, kynferðiseinelti í íslenskri skólamenningu



BÓKASAFNIÐ

Útlán bókasafnsins skólaárið 2021-2022 (til loka maí) voru 937. Inni í þeirri tölu eru öll útlán; innan ML, til leik- og grunnskóla og nemenda þar og til almennings. Hefðbundið meðaltal útlána á ári er í kring um 1500 en það dróst saman á Covid-tímum. Á safninu er einn starfsmaður sem fyrr, forstöðumaður sem er í 60% starfshlutfalli.

Á vorönn varð ljóst að senn liði að lokun Gegnis sem landsbókasafnskerfis, enda orðin full þörf á nýju vefvænna kerfi. Gegnir lokaði alveg þann 31. maí og um haustið tók Alma við. Valgerður forstöðumaður fór á námskeið varðandi nýja kerfið.

Heilmikil grisjun á safnkosti fór fram á árinu, eintök afskráð og þeim fargað. Þetta er óhjákvæmilegt í ljósi þess að safnið hefur úr litlu geymsluplássi að spila og sífellt bætist í safnkost.

Á vofundi samstarfshóps bókasafns-og upplýsingafræðinga í framhaldsskólum var skipað í hóp sem á að undirbúa umsókn um styrk úr bókasafnssjóði til að skoða framtíðarstefnu bókasafna í framhaldsskólum. Forstöðumaður er einn af hópmeðlimum. Vinna fór af stað haustið 2022.

HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI OG FORVARNIR

María Carmen Magnúsdóttir er verkefnastjóri heilsueflandi framhaldsskóla og forvarnarfulltrúi skólans. Starfsfólk skólans fékk hvatningu til að taka þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna og var hvatt til að fara í Fontana í hádeginu á vorönn.

Gæðastjóri og verkefnisstjóri heilsueflandi unnu í gátlistum HeF inn á heimasíðu www.heilsueflandi.is. Nýendurskoðuð [forvarnarstefna](#) skólans var kynnt á forvarnarfundum í lok mars, með skólameistara, starfsfólki heimavistar, tengilið foreldrafélagsins FOMEL (mætti ekki), Maríu Carmen og Freyju Rós þar sem við farið var yfir niðurstöður úr könnun Rannsóknar og greiningar um vímaefnanotkun framhaldsskólanemenda á landinu öllu. Á skólaárinu var líka sett [stefna í EKKO-forvörnum](#) og allt spilar þetta saman.

Um haustið var í fyrsta skipti unnið var eftir samræmdri fræðsluáætlun í lífsleikniáfangi og umsjónartímum. Margar af áherslunum þar falla undir heilsueflandi starf og forvarnir, s.s. sjálfsmynd, samskipti, skólafærni, geðheilbrigði, kynheilbrigði og svefn. Sálfræðingurinn Elfar var með fræðslu um kvíða fyrir fyrsta og annan bekk, unnið var með samskiptasáttmálann, horft á myndina *Fellum grímuna*, Geðlestin mætti á svæðið, hjúkrunarfræðingur úr Laugarási hélt fyrirlestur fyrir fyrsta bekk um ábyrgð á eigin heilsu og Ástráður kom með kynfræðslu í fyrsta bekk.

Á vorönn og haustönn var í boði íþróttaval sem nemendur á þriðja ári gátu nýtt sér. Nemendur voru þá bæði í bóklegum og verklegum tímum tengdum hreyfingu og heilsu með áherslu á það sem viðbragðsaðilar þurfa að gera til að komast inn í ákveðin störf og hvað þarf að gera til að viðhalda líkamlegu og andlegu heilbrigði. Í lok áfangans var farið í vettvangsferð á Selfoss þar sem stoppað var í Golfskálanum, Björgunarmiðstöðinni, fimleika- og íþróttastöðu Baulu og World Class.

Forvarnarferð nýnema var farin 1. september 2022, í höfuðstöðvar Dale Carnegie, þar sem áhersla var lögð á samskipti og að styrkja tengsl. Stoppað var í íþróttaverslun og endað í keilu.

Fjallgönguhefðin var endurvakin í upphafi haustannar. Gengið var á Laugarvatnsfjall í blíðskaparveðri, útsýnið óviðjafnanlegt. Það er heilsuefning í lagi, fyrir andlega, líkamlega og félagslega heilsu.



UPPLÝSINGATÆKNI

Verkefnisstjóri upplýsingatækni, Elín Jóna Traustadóttir, er í 50% starfshlutfalli við skólann. Störf hennar lúta að mestu leiti að vinnu við tölvukerfi skólans, viðhald og endurbætur á tölvum og búnaði, viðhald á Moodle námsumsjónarkerfinu, viðhald og uppfærsla heimasíðu, ásamt því að veita aðstoð og miðla þekkingu til starfsmanna og nemenda skólans. Almenn aðstoð við kennara og nemendur þegar þörf er á er einnig mikilvægur þáttur starfsins, það að vera til staðar og hlaupa til ef aðstoð vantar. Nemendur hafa í auknum mæli komið með vandræði sín til verkefnisstjóra.

Málakerfi ML og Gæðakerfi ML eru að taka á sig mun betri mynd og í kjölfar uppfærslu á heimasíðu var búið til flæði úr Gæðakerfinu yfir á Sharepoint svæði og þaðan yfir á heimasíðuna þannig að gæðaskjöl uppfærast nú sjálfkrafa á heimasíðu. Einnig flæða skýrslur, ársreikningar og annað beint yfir á sitt svæði og birtist á heimasíðu sé það sett í rétta möppu á Sharepoint.

Tekið var í notkun forritið OnePlace sem hægt er að nota til að senda skjöl og tölvupósta beint úr Outlook yfir í Gæðakerfi ML eða Málakerfi ML. Það nýtist þeim sem vinna mikið í sérstaklega málakerfinu til að flytja nauðsynleg gögn úr pósti.

Elín Jóna starfar í stýrihópi fyrir Menntaskýið og hefur þess vegna lagt nokkra vinnu í að sameina hóp kerfisstjóra í skólunum. Haldnir voru reglulegir fundir, útbúin Upplýsingagátt Menntaskýsins og listar yfir verkefni.

Heimasíðan var tekin til gagngerra endurbóta og sett upp algerlega ný síða sem fór í loftið 10. mars 2022. Heimasíðan var færð til nútímans með útliti sem hentar öllum snjalltækjum. Einnig var lögð vinna í að hafa síðuna skilvirkari og meiri upplýsingasíðu fyrir gesti og foreldra. Spurt og svarað er eitthvað sem mun verða þróað og bætt á næsta skólaári og upplýsingar til nemenda og foreldra munu bætast við þar inn. Í kjölfar nýrrar heimasíðu var einnig farið í að búa til Sharepoint síðu sem þjónar tilgangi innri vefs. Þar eru tenglar og upplýsingar sem þjóna starfsfólki og nemendum.

GÆÐAMÁL

Á reglulegum verkefnastjórnarfundum sitja gæðastjóri, skólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri upplýsingatækni, forstöðumaður bókasafns, skólafulltrúi/ritari, fjármálastjóri og náms- og starfsráðgjafi. Þar sem fundirnir hafa orðið fjölmennari og almennt eru verkefni í góðum farvegi var ákveðið að fækka fundum og hittast frekar í minni hópum eftir þörfum. Fundargerðir eru vistaðar í fundargerðarmöppu í kennarahópnum á Teams. Verkefnin eru fjölbreytt; skóladagatalið, staða umbóta vegna innra mats, nýtt eyktaskipulag, rafræn eyðublöð, mötuneytismál (t.d. skráningar í helgarmat), mætingareglur, fjármál vegna samstarfsverkefna, sorpflokkun, skipulag verkefnadaga, námsferðir, fréttaskrif, rafrænir húsaleigusamningar, myndasafn skólans, heimasíðan, kynningarmál, kannanir, viðbrögð við vá, innleiðing farsældarlaga, gátlistar fyrir viðburði og stjórn nemendafélagsins Mímis, en ekki síst ársskýrsla skólans.

Gæðakerfi hefur tekið á sig skýrari mynd. Flestar stefnur, áætlanir, verklagsreglur, eyðublöð o.þ.h. eru komin þar inn og útgefin á heimasíðu skólans (eftir því sem við á). Forvarnarstefna var uppfærð á árinu, sem og verklagsregla fyrir námsmatstíma og próf. Nýjar verklagsreglur og eyðublöð voru gefin út vegna EKKO-kerfis ML auk þess sem vefsvæðið *Góð samskipti* var stofnað á heimasíðunni.

Skjalavarsla hefur líka haldið áfram að þróast. Aðgangsstýringar eru orðnar virkar og fleiri vista gögn í Málakerfinu. Grisjunarbeiðnir voru samþykktar af Þjóðskjalasafni og mikið vannst í þeim efnum.

Enn eigum við nokkuð í land með kerfi í kringum persónuverndarmál, en þó voru gefin út verklagsregla og eyðublað fyrir áhættumat og öryggisbresti. Vinnsluskrá og áhættumat eru langt komin og verður vonandi hægt að fullvinna næsta vetur.

INNRA OG YTRA MAT

Freyja Rós Haraldsdóttir, gæðastjóri, er formaður sjálfsmatsnefndar og annast innra mat skólans. Nefndin fundar um fjórum sinnum á vetri, uppfærir áætlun til þriggja ára, undirbýr kannanir, vinnur úr niðurstöðum og setur fram umbótaáætlun. Á heimasíðu skólans má finna [skýrslu um sjálfsmat 2021-2022](#) og aftast í því skjali er umbótaáætlun. Áfangamat var lagt fyrir bæði vor og haust, árleg könnun meðal útskrifaðra nemenda var lögð fyrir í maí og starfsfólk svaraði könnuninni Stofnun ársins í október. Umbótaþættir eftir skólaárið 2021-2022 spruttu úr niðurstöðum Framhaldsskólaláupsins, Stofnun ársins og Ungt fólk (eldri niðurstöðum). Markmið með umbótum voru:

- Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað í skólanum.
- Aukin gæði menntunar með áherslu á leiðsagnarnám.
- Minna álag og minni streitueinkenni hjá starfsfólki.
- Aukinn svefn nemenda.

Þegar þetta er ritað hafa allar aðgerðir til umbóta komist til framkvæmda, sem áætlaðar voru á þessum sviðum. Enn standa út af borðinu aðgerðir frá fyrri árum sem tengjast heilsuefningu og mótuneytinu, en áfram verður unnið að þeim.

Ytra mat fór síðast fram á vorönn 2018. Ráðuneytið hefur staðfest að ytra mat muni næst fara fram í ML haustið 2023.

KYNNINGARMÁL

Kynningar fóru fram í eftirtöldum skólum í febrúar og apríl: Grunnskóla Sunnulækjar og Vallaskóla á Selfossi og Grunnskólanum í Hveragerði. Fulltrúar nemenda fylgdu náms- og starfsráðgjafa á kynningar í grunnskólunum. Reynt var að fá nemendur í ML úr heimabyggð hvers grunnskóla. Fleiri heimsóknir voru skipulagðar vítt og breitt um Suðurland en vegna COVID-19 og annarra ástæðna var aðeins farið í þrjá grunnskóla þessa vorönn.

Verkefnastjóri sem jafnframt var náms- og starfsráðgjafi sá einnig um að taka á móti gestum, grunnskólanemum og forráðamönnum, í einstaka heimsóknir í ML. Óvenju margar þannig heimsóknir áttu sér stað seinni hluta vorannarinnar.

Aðsókn hefði mátt vera meiri fyrir haustið 2022, sérstaklega á náttúruvísindabraut. Unnið er að því að efla kynningarstarfið, m.a. með aukinni netvæðingu, fyrir næsta skólaár.

Kynningardagurinn var á sínum stað í nóvember. Að þessu sinni tókum við á móti tæplega 200 nemendum og fylgdarfólki þeirra að auki. Þau fengu kynningu á námi og félagslífi í ML og boð á söngkeppnina Blítt og Létt um kvöldið.



ÁRIÐ 2022 Í HNOTSKURN

JANÚAR

Fjarnám fyrstu skólavikuna vegna covid

13. janúar
Gettu Betur

17. janúar
Ný stjórn nemendafélagsins
kjörin. Stallari Óskar Snorri
Óskarsson



MÍMIR

FEBRÚAR

17. -19. Febrúar
Stella í Orlofi sýnd í
Artungu, Reykholti



MARS

3. mars
Forvarnaferð 2. árs nema

9-11. mars Dagamunur og Dollinn

12. mars
Umfjöllun á N4 um m.a. starf kórsins og félagslífið

21.-25. mars
SHOW Finnland

APRÍL

27. – 28. apríl
Lokatónleikar Kórsins, skálholtskirkja

MAÍ

1.- 6. maí
SHOW – Tékkland

6. maí
Dimissio – dimmittendur
kvöddu skólann sinn og
starfsmenn.



28. maí
Útskrift og skólaslit

9. maí
Listasýning
myndlistaáfanga opnuð í
matsal ML

ÁGÚST

22. ágúst
Nýnemadagur, 42 nýnemar mæta á Laugarvatn

24. ágúst
Skólasetning

SEPTEMBER

1 september
Forvarnaferð nýnema

5. september
Fjallganga ML



26 - 30. september
Árman svika – gömul hefð vakinn upp.
Evrópsk hreyfivika - #BeActive

OKTÓBER

3. - 7. október
SHOW heimsókn á Laugarvatni



17. október
Geðlestin

26. október
Rafhleðslustöðvar teknar í notkun



NÓVEMBER

8. nóvember
Dagur gegn einelti - málstofa

10. nóvember
Kynningardagur og Blítt og létt

29. og 30. nóvember
Jólatónleikar ML Skálholtskirkja

